

**32. stjórnarfundur Sorpstöðvar Suðurlands,  
haldinn í fundarstofu SASS, 8. nóvember 1995, kl. 10.00.**

Mættir: Karl Björnsson, Guðmundur Hermannsson, Guðmundur Ingi Gunnlaugsson og Þorvarður Hjaltason.

Gestir fundarins: Bjarni Jónsson, Sigurður Þráinsson og Arnar Árnason.

Formaður setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

Bjarni Jónsson, oddviti Ölfushrepps, gerði grein fyrir óánægju hreppsnefndar Ölfushrepps með nýgerðan samning Sorpstöðvar Suðurlands við Gám, eins og hann kemur hreppsnefndinni fyrir sjónir, og fór jafnframt fram á að samningnum yrði sagt upp. Ástæðuna kvað hann þá að sorpurðunarsvæðið hefði í upphafi aðeins verið ætlað fyrir sorp af Suðurlandi.

Karl Björnsson greindi frá samningnum og greinargerð Verkfræðistofu Suðurlands um áhrif viðskiptanna við Gám á endingartíma svæðisins. Hann lagði áherslu á fjárhagslegan ávinning af viðskiptunum og möguleikana á endurnýtingu sorps í tengslum við þau. Þar er um að ræða pappír, timbur og brotamálma. Jafnframt var lögð fram greinargerð Heilbrigðiseftirlits Suðurlands vegna heilbrigðis- og umhverfiseftirlits með starfsemi Sorpstöðvar Suðurlands bs.

Fundarmenn ræddu síðan málin frá ýmsum hliðum.

Ákveðið var að vinna að lausn málsins.

Fundi slitið kl. 11.15.

Guðmundur Hermannsson.

Guðmundur Ingi Gunnlaugsson.

Sigurður Þráinsson.

Bjarni Jónsson.

Arnar Árnason.

Þorvarður Hjaltason.

Karl Björnsson.